Bankasafn

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í tilefni sextugsafmælis Búnaðarbankans hefur verið sett upp sýning á hluta af málverkaeign hans.

Íslenzkir bankar hafa í vaxandi mæli tekið þá stefnu að kaupa málverk af listamönnum, sem þeir hafa í raun alltaf gert í einhverjum mæli. Myndlistarmönnum hefur stórlega fjölgað og framboðið aukist ótæpilega og það hefur að sjálfsögðu sín áhrif, vilji bankarnir halda vöku sinni og vera virkir í uppbyggingu þjóðmenningar. Búnaðarbankinn hefur hér lengi verið í fararbroddi eða allt síðan hann hóf að safna málverkum skipulega í lok fimmta áratugarins. Það var gaman að vera nemandi í Handíðaskólanum í þá daga, er hið stóra verk Jóns Engilberts var fyrst til sýnis í Ásmundarsal árið 1949, að mig minnir, og man ég glöggt eftir því er við nemendurnir fórum að skoða það.

Einmitt slík verkefni verða ungum uppörvun til dáða og hafa því víðtækari áhrif en margur ætlar.

Það voru þeir Hilmar Stefánsson bankastjóri og Haukur Þorleifsson aðalbókari, sem höfðu veg og vanda af söfnun bankans fyrstu áratugina, en síðan og til skamms tíma Stefán Hilmarsson aðalbankastjóri.

Að sjálfsögðu hefur bankinn eignast þessi málverk eftir mörgum leiðum, bæði keypt þau beint og tekið verk upp í víxla og skuldir á erfiðum tímum í lífi listamannanna.

Minnist ég þess, er ég samdi þannig við Hauk Þorleifsson, sem nú er nýlátinn, og kynntist þá mætum manni og gegnheilum, sem mér var alltaf vel við upp frá því. Þetta var seint á sjötta áratugnum, og hann valdi mjög nútímaleg málverk og því tók það nokkurn tíma að fá kaupin samþykkt, þótt alltaf væri Haukur vongóður.

Þurfti ég að gera mér nokkrar ferðir í bankann og á skrifstofu hans og urðum við því málkunnugir og töluðum mikið um listir og listamenn enda var hér áhugasvið hans, enda bróðir Jóns Þorleifssonar málara í Blátúni. Fyrir aftan mig, þar sem ég sat á móti honum, var þá skínandi fallegt málverk, Þórðarhöfði, eftir Mugg, en það var þá dálítið illa farið og lúið og vakti ég athygli Hauks á því, sagði það bankanum til vansa, ef hann léti ekki gera við og hreinsa myndina hið bráðasta því að vanrækja slíkt væri alltof mikil sóun verðmæta.


Leið nokkur tími áður en ég átti erindi til hans næst og þá sýndi hann mér myndina sérstaklega nýkomna úr viðgerð, glotti um leið og hann spurði mig, hvernig ég áliti að til hafi tekist.

Ég taldi, að vel hafi tekist, en að þó væri of mikill gljái á myndinni, sem myndi þó að öllum líkindum hverfa smám saman, sem hefur og gengið eftir að mestu.


Ég segi þessa sögu til að fá tækifæri til að minnast þessa ágæta manns, Hauks Þorleifssonar, og svo er myndin að auki ein af perlum sýningarinnar og mjög sérstæð frá hendi Guðmundar Thorsteinssonar. Myndirnar mínar tvær keypti bankinn svo á fullu verði og tel ég þær með betri mynda, er ég gerði þennan áratug og mjög einkennandi fyrir það, sem ég var að gera þá. Og þótt þær séu ekki með á þessari sýningu, er það mér að meinalausu, enda segir slík samantekt jafnan mest um þá sem hengdu málverkin upp.

Það er mikið samsafn mynda úr safni bankans á Kjarvalsstöðum og ekki hefði veitt af að taka allt húsið undir sýninguna. Hér kennir margra grasa úr flóru íslenzkrar myndlistar og er merkilegt, hve margir af okkar fremstu myndlistarmönnum eru vel kynntir, en hins vegar verður ekki heldur fram hjá því gengið, að sumir eiga undirmálsverk, sem hefðu hvorki átt að rata í bankann né á sýninguna og gefur rangar hugmyndir um listamennina.


Þegar litið er yfir heildina, er ekki gott að segja, út frá hverju listrýnin á að ganga, því að það munu mjög skiptar skoðanir um hlutverk banka í innkaupum listaverka og hægt að nálgast svona samantekt frá mörgum ólíkum hliðum. Hér á þessu litla landi hafa bankarnir algjöra sérstöðu fyrir mikilvægi sitt í þessum efnum, enda tel ég, að innkaup þeirra séu á mun breiðari grundvelli en þeirra banka erlendis, sem legggja sérstakan metnað á þessa hlið.



Fönsun. Svavar Guðnason.



Kona. Kristín Jónsdóttir



Þórðarhöfði. Muggur (Guðmundur Thorsteinsson).

Þannig er það eðlilegt, að bankarnir safni meira eftir suma listamenn en aðra og kemur þá margt til og þá helst mat þeirra aðila, sem sjá um innkaupin, svo og ágengi listamanna sem talsmanna þeirra. Þá ber engum banka nein skylda til að vera listasafn í sjálfu sér, en hafi hann metnað til þess að eiga gott yfirlit íslenzkrar listar, þá verður hann að sjálfsögðu að leitast við að kaupa einungis úrvalsverk eftir hvern og einn og mjög einkennandi fyrir viðkomandi, og þá má ekki vanta nein gild nöfn, jafnvel ekki þótt þeir, sem annist innkaupin, kunni alls ekki að meta þá né persónuna að baki þeirra. Listgildið á alltaf að ráða ferðinni.

En hvernig sem á allt er litið má það vera ljóst, að enginn banki hefur hingað til tapað á því að kaupa myndlistarverk, en hins vegar í mörgum tilfellum fengið hærri vexti en þá myndi nokkurn tíma dreyma um að veita eða taka af viðskiptavinum sínum!

Það er ýmislegt, sem stingur öðru fremur í augun á þessari sýningu og rétt er að vekja sérstaka athygli á og það er t.d. hve hin stóra veggmynd Jóns Engilberts nýtur sín miklu betur á endavegg eystri salar en t.d. í bankanum sjálfum. Helst hefði þessi volduga mynd átt að vera ein á veggnum, þótt málverk Jóns í Blátúni við hlið hennar séu með betri verkum hans.

Hins vegar fer hið stóra málverk Svavars Guðnasonar vafalítið betur í bankanum við Hlemm en á endaveggnum á móti og þá mest fyrir það hve firnasterkar myndir eftir hann sjálfan eru við hlið hennar. Hér skyggir listamaðurinn sem sagt á sjálfan sig (1), en vel að merkja mest fyrir það hve brúna tréumgjörðin er eitthvað svo ankannanleg og stingur í stúf við verkið sjálft, dregur eiginlega áhrifamátt þess niður.

Eins og á sér stað um Íslendinga almennt þá hafa kaupendur iðulega látið hrífast af litfögrum og stássslegum myndverkum og eru ekki saklausir af að láta sjálft myndefnið ráða ákvörðunum sínum, en þá vill um leið svo undarlega til, að þeir hafa og einnig hitt naglann á höfuðið í vali einfaldari mynda svo sem hvað Mugg (Þórðarhöfði), Jón Stefánsson (Frumgróður), Kjarval (Blátt hraun) og Kristínu Jónsdóttur (Kona) snertir. Og þá er t.d. málverk Guðmundu Andrésdóttur með því besta er frá henni hefur komið á samanlögðum ferli hennar.

Þannig verður safnið í heild merkileg blanda og ber fyrst og fremst að meta það, hve víðsýnið hefur verið mikið, því að einnig eru verk eftir yngri listamenn, þótt maður óski eftir meiru af slíku og að dirfskan væri einnig meiri, því að ungir í dag eru meistarar morgundagsins og þurfa á uppörvun og stuðningi að halda.

En auðvitað má ekki einungis líta á þá hlið málsins, því að það vantar einnig ýmsa ágæta málara eldri kynslóða, en á allt verður víst ekki kosið.


Málverk eru ekki aðeins til að hafa uppi á veggjunum, og þannig átti Picasso sjálfur vafalítið besta einkasafnið á Picasso, sem hann geymdi í eldtraustum rammgerðum herbergjum í kjöllurum banka! Hins vegar hafði hann lítið af eigin myndum á veggjum hjá sér og er hann var spurður hversu það sætti, svarðai hann um hæl, að hann hefði ekki efni á að hafa Picasso upp á vegg!

Mættu bankarnir taka meistarann sér til fyrirmyndar og jafnframt stokka upp í eign sinni með reglulegu millibili, svo sem einkasöfn gera ytra, er þau selja kannski nokkur verk til að fjárfesta í öðrum til að gera söfn sín heildstæðari.

Þá er einnig hlutverk íslenskra banka að dreifa skapandi list um landið svo sem sumir bankar gera erlendis.

Eitt gullið tækifæri hefur farið forgörðum og það var að láta gera fullkomna skrá yfir alla eignina, þá hefði verið hægt að hafa þær myndir í feitu eða öðruvísi letri sem eru á sjálfri sýningunni. Slíkt hefði verið verðmæt heimild og um leið mjög gagnleg fyrir bankann. En hvað sem öllu öðru líður, þá er þessi afmælissýning á málverkaeign Búnaðarbankans snjöll hugmynd og er alveg víst, að margur sæki mikla ánægju og fróðleik á Kjarvalsstaði fram til 6. maí . . .

Notagildi og fagurfræði



Hannes Lárusson

Í dag er listheimurinn með sanni uppfullur af hvers konar heimspeki og hugmyndafræði, og á síðustu tímum hefur föndur verið tekið til handargagns og það tengt í senn fortíð sem nútíð.

Þá gengur listnám stöðugt meira út á það, að menn geti skilgreint og útskýrt listrænar athafnir sínar og vill það iðulega verða ansi snúið ekki síður en t.d. í almennum háskólavísindum. Ekki er þannig alltaf hægt að henda reiður á því að órannsökuðu máli, hvort um sé að ræða orðaleiki og rugl eða hnitmiðaða rökfærslu.

En eftir að hafa lesið fróðlegt viðtal við *Hannes Lárusson* í menningarútgáfunni sl. laugardag sannfærist maður um það, að bakgrunnur verka hans og heimspekilegur grundvöllur sé öldungis raunsannur.

Auðvitað kemur sýning hans í „Gallerí einn einn“ manni öldungis á óvart í fyrstu, enda átti maður á öðru von.


Einmitt slík viðtöl vekja mann til umhugsunar og skapa vettvang fyrir lifandi myndlistarumræðu, en hún kemur vitaskuld fyrst og fremst frá listamönnunum sjálfum.

Hannes er vel menntaður listamaður, sem víða hefur farið og einkum sökkt sér niður í þann þátt myndlistar, sem nefna mætti heimspekilegu hliðina.

Og það er með sanni heilmikil heimspeki á bak við þær 35 ausur, sem hann hefur skorið út og kynnir í listhúsinu fram til 3. maí ásamt ýmsu öðru.

Hér hefur hver einstök ausa tilvísun út fyrir notagildi sitt og er þannig öllu meira fyrir augað og hugarflugið en notkunina. En ekki liggur þó í augum uppi, hvert hann sækir tilvísanir sínar hverju sinni og mætti hér skilgreiningin vera betri á sjálfri sýningunni. Eins og hún er sett upp er hún meira en lítið tormelt fyrir ókunnuga.

Þetta eru vel gerðir hlutir og í fyrstu hefur maður eiginlega á tilfinningunni, að maður sé kominn inn í þjóðlega minjagripaverslun einhvers staðar á Norðurlöndum. En fljótlega sér maður, að hér er sitthvað á ferðinni, sem vert er að athuga og hugleiða betur.



Hannes Lárusson: Decoy 1988

En það er þó hin ísmeygilega önd, sem nefnist „Decoy“, sem verður áleitnust verkanna á sýningunni fyrir formfegurð sína, skreytiríkidóm og margræða skírskotun.

Þetta er sýning, sem menn ættu að gefa sér góðan tíma til að skoða og helst lesa viðtalið við listamanninn, áður en það er gert.